

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 17/2012****2012/EES/34/17****frá 10. febrúar 2012****um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2011 frá 19. desember 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1222/2009 frá 25. nóvember 2009 um merkingu hjólbarða að því er varðar eldsneytisnýtingu og aðrar nauðsynlegar kennistærðir ⁽²⁾.
- 3) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1056/72 ⁽³⁾, sem hefur verið felld inn í samninginn, hefur verið felld úr gildi í ESB og því ber að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði IV. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 1. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1056/72) falli brott.
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 42. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/548/EB):
„43. **32009 R 1222**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1222/2009 frá 25. nóvember 2009 um merkingu hjólbarða að því er varðar eldsneytisnýtingu og aðrar nauðsynlegar kennistærðir (Stjtið. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 46).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1222/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 49, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 56.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 46.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 120, 25.5.1972, bls. 7.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.